



FUNDARBOÐ 9. NÓVEMBER KL. 20:00

AÐ TAKA ÁBYRGÐ Á EIGIN MEÐFERÐ OG LÍDAN

Seinni fræðslufundur haustsins verður fimmtudagskvöldið 9. nóvember og verður hann á persónulegum nótum. Fyrirlesarar þetta skiptið verða þær Veronika Kristín Jónasdóttir og Sólveig María Ívars dóttir.

Verónika greindist með Crohn's sjúkdóminn aðeins 16 ára gömul. Hún ætlar að gefa okkur innsýn í sitt líf og segja frá ferð sinni í gegnum lífsstílsbreytingar til að taka virkan þátt í eigin bata.

Sólveig María er heilsuþjálfari og afeitrunarsérfræðingur og hún ætlar að fjalla um eigin reynslu, streitustjórnun og áhrif mataræðis og andlegrar vinnu á sjálfsónæmissjúkdóma.

Þær stöllur brenna báðar fyrir því að miðla áfram því sem þær hafa kynnst og hvernig það hefur haft góð áhrif á lífið.

Fyrirlesturinn verður í sal Vistor Hörgatúni 2, Garðabæ (gengið inn frá Bæjarbrautinni). Hann hefst kl. 20:00 og við verðum einnig "live" í umræðuhópnum.

Hlökkum til að sjá ykkur :-)



FRÉTTIR

FACEBOOK

Vitundarvakningin okkar á Facebook í sambandi við 19. maí síðastliðinn var með yfirskriftinni "IBD spyr ekki um aldur". Frá 1. til 19. maí birtust 11 færslur með áherslu á mismunandi aldurshópa og hér má sjá niðurstöðurnar:

- Vitundarvakningin náði til rúmlega 153.000 einstaklinga (Reach)
- Við snertum þá sem sáu auglýsingarnar tæplega 500 þúsund sinnum eða hvern einstakling u.b.b. 3 sinnum (Impressions)
- 1.100 manns heimsóttu CCU Facebook síðuna
- Facebook síða CCU samtakanna fékk 11 ný "like"
- Einstaka færslur voru að ná til frá 5.000 upp í 106.000 manns

AÐALFUNDUR ÖBÍ...

... var haldinn 6. og 7. október og tókst hann með ágætum. Alma Ýr Ingólfss-dóttir lögfræðingur var kjörinn nýr formaður ÖBÍ og munaði einungis einu atkvæði á henni og Rósu Mariú Hjörvar. Við óskum Ölmu til hamingju og höfum fulla trú á því að hún muni standa sig vel í að koma okkar málum á framfæri.

Edda bauð sig fram í kjörnefnd ÖBÍ næstu 2 árin og var öll nefndin sjálfkjörin þar sem engin mótframboð voru.

ECCO FUNDUR...

... var haldinn í Kaupmannahöfn 13. til 14. október og sat Edda fundinn fyrir hönd CCU. Nýr formaður ECCO, (European Crohn's and Colitis organisation) Britta Siegmund, lagði áherslu á mikilvægi góðrar samvinnu lækna og sjúklinga og fagnaði því að sjá marg aðalfulltrúa sjúklinga á vegum EFCCA taka þátt í deginum.

EFFCA KÖNNUNIN...

... "IBD spyr ekki um aldur" er enn í gangi og verður opin til áramóta. Þar er verið að óska eftir þátttöku fólks með IBD sem er 60 ára og eldra. Ef þú tilheyrir þeim hópi (eða þekkir einhvern) og hefur ekki tekið þátt, þá hvetjum við þig til að kíkja á Facebook síðu CCU. Í byrjun október höfðu um það bil 2.000 svör borist. Spurningarnar eru þýddar á 21 tungumál, meðal annars íslensku.

Slóð á könnunina:

<https://efcca.org/news/survey-people-ibd-aged-60-and-over>

SPAKMÆLI MÁNAÐARINS

Aðgangur að musteri viskunnar byggist á því að við gerum okkur grein fyrir eigin fráfræði.

Spurgeon